



## Fundargerð

320. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 17. febrúar 2011, kl. 15:00.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Andrea Björnsdóttir, Eiríkur Kristjánsson og Eggert Ólafsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð. Undir liðnum starsmannamál sat launafulltrúi Erla Björk Jónsdóttir.

Fundargerð rituð í tölvu og er 6 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið. Fundinn átti að halda fyrir viku en var frestað og leitaði oddviti afbrigða að taka tíu mál á dagskrá undir liðnum önnur mál, málefni höfðu verið send hreppsnefnd með tveggja daga fyrirvara var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá

### Fundargerðir:

#### 1. 319. fundur hreppsnefndar 13. janúar 2011

*Farið yfir fundargerð og hún rædd. Fundargerðin samþykkt.*

#### 2. Skipulag- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 17. janúar 2011.

*Farið yfir helstu atriði fundargerðarinnar. Liður 1 samþykktur, liður 2 samþykktur. Fundargerðin samþykkt.*

#### 3. Skipulag- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 7. febrúar 2011.

*Farið yfir helstu atriði fundargerðarinnar. Liður 1 samþykktur, liður 2 samþykktur, liður 3 samþykktur, liður 4 samþykktur, liður 5 samþykktur, liður 6 samþykktur, liður 7 samþykktur. Fundargerðin samþykkt.*

#### 4. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 8. febrúar 2011.

*Farið yfir helstu atriði fundargerðarinnar. Eiríkur Kristjánsson kom á framfæri eftirfarandi bókun vegna annars liðs; Ég legg til að umhverfisnefnd taki málið aftur upp og svari því sem það fjallar í raun um.*

*Fundargerðin lögð fram*

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1102008 – Þriggja ára áætlun

Fyrri umræða.

*Málið fært aftast á dagskrá. Þriggja ára áætlun lögð fram, stefnt að seinni umræðu að viku liðinni.*

**2. 1101011 - Gjaldskrár sveitarfélagsins.**

Gjaldskrá fyrir Reykhólahöfn, seinni umræða.

*Gjaldkrá fyrir Reykhólahöfn samþykkt og verður auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**3. 1101012 - Samþykkt um stjórn og fundarsköp í Reykhólahreppi.**

Endurskoðun á samþykktinni seinni umræða.

*Andrea Björnsdóttir leggur fram tillögu um breyttan fundartíma á lögboðnum fundum að þeir hefjist að jafnaði 15:30. Samþykkt. Einnig kom fram tillaga um viðbót við grein 7 að sé lögboðnum fundi frestað, frestist hann um viku.*

*Samþykkt um stjórn og fundarsköp í Reykhólahreppi samþykkt og verður auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**4. 1101009 – Starfsmannamál**

*Erindi frá hjúkrunarforstjóra þar sem hún fer fram á endurskoðun á samningi sínum við sveitarfélagið, breytingar á launum vegna bakvakta. Launafulltrúi Reykhólahrepps mætti á fundinn undir þessum lið og fór yfir atriði varðandi samninginn. Hreppsnefnd telur ekki forsendur til að breyta samningnum hvað varðar bakvaktir, samþykkt samhljóða. Launafulltrúi vék af fundi.*

*Áhugamannafélag um Bátasafn Breiðafjarðar hefur lagt sveitarfélaginu til rúmlega fjórar milljónir í uppbyggingu Bátasafns Breiðafjarðar og Hlunnindasýningar sem sveitarfélagið er í samvinnu við áhugamannafélagið um ástamt Æðarvéum. Farið er fram á ráðningu Hjalta Hafþórssonar tímabundið í 4 mánuði til að hafa yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppsetningar nýrrar sýningar. Samþykkt samhljóða.*

*Hreppsnefnd hefur ákveðið að ráða tímabundið Hörpu Eiríksdóttur sem ferðamála-fulltrúa í Reykhólahreppi. Ráðningin eru 3 -12 mánuðir frá og með maí mánuði 2011. Ráðning Hörpu er í tengslum við ferðamálastóla þar sem hún stundar nám. Ráðning Hörpu getur orðið allt að 12 mánuðir komi til styrkir til verkefna sem hún sjálf mun leyta eftir og standa undir launakostnaði hennar. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við Hörpu*

*Rætt var um rekstur mötuneyta í sveitarfélaginu. Ákveðið var að skipa hóp um endurskoðun á rekstri mötuneytanna. Ákveðið var að sveitarstjóri, skrifstofustjóri og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skipi hóp um framtíðarrekstur mötuneyta, samþykkt samhljóða.*

**5. 1102009 - Þjónustusamningur milli Reykhólahrepps og Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.**

*Samningurinn lagður fram og samþykktur. Sveitarstjóra falið að undirrita hann.*

**6. 1102010 - Uppsögn á þjónustusamningi um barnavernd í Reykhólahreppi.**

Erindi frá Ísafjarðarbæ dagsett 17. janúar 2011.

*Erindið lagt fram, sveitarstjóra falið að ná nýjum samningi um barnavernd í Reykhólahreppi.*

**7. 1102011 - Tillögur um að fella niður styrki til reksturs ferja til Vigur, Æðeyjar og Skáleyjar.**

Erindi frá Vegagerðinni dagsett 20. janúar 2011.

*Erindið lagt fram, hreppsnefnd gerir athugasemd við erindið.*

**8. 1102012 - Frumvarp til laga um fjöleignarhús (leiðsöguhunda o.fl.), 337. mál.**

**1102013 – Tillaga til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 334. mál.**

**1102014 - Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu og málefni aldraðra (einbýli), 214. mál.**

**1102015 - Frumvarp til laga um félagslega aðstoð (hámark umönnunar-greiðslna), 114. mál.**

Fjögur mál send til umsagnar af félags- og tryggingamálanefnd Alþingis 31. janúar og 1. febrúar 2011.

*Samþykkt að veita ekki umsögn við 337. mál, 334. mál, 214. mál og 114. mál.*

**9. 1102019 – Eignarheimild á fasteigninni Bjargi í Flatey.**

Erindi frá Þorgeiri Kristóferssyni dagsett 26. janúar 2011.

*Erindið er lagt fram, hreppsnefnd ætlar að taka sér tíma til að fara frekar ofan í málefnið.*

**10. 1102020 - Niðurskurður á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð.**

*Hjúkrunarforstjóra Hjúkrunar og dvalarheimilisins Barmahlíðar barst þann 14. janúar 2011 tölvupóstur frá Velferðarráðuneytinu þess efnis að heimilinu væri gert að fækka öldrunarrýmum úr 14 í 12 á árinu 2011. Hjúkrunarforstjóri kom erindinu áfram til hreppsnefndar.*

*Hreppsnefnd kom saman þriðjudaginn 18. janúar ásamt hjúkrunarforstjóra og sendi frá sér mótmæli við niðurskurðinum til fjármála- og velferðarráðuneytis með afriti til allra þingmanna í kjördæminu, eins var óskað eftir fundi með Velferðarráðherra vegna málsins. Niðurskurðurinn kemur mjög illa við rekstur heimilisins en tvö rými samsvara til 14.4 milljóna króna framlags frá ríkinu eða um 15% af framlagi til heimilsins og er rekstrargrundvöllur þess þar með brostinn. Fjórir þingmenn hafa sýnt málefninu stuðning með komu sinni til Reykhóla og fundað með sveitarstjóra, hreppsnefnd og hjúkrunarforstjóra, fleiri með því að kynna sér málefnið. Velferðarráðherra hefur einnig haft samband og hefur boðað komu sína til Reykhóla á næstunni.*

*Framkvæmdarstjóri Þörungarverksmiðjunnar hefur einnig sýnt stuðning í verki, þar sem málefnið er verksmiðjunni og samfélaginu í heild sinni mjög brýnt og áhrif niðurskurðarins myndi gæta víða, sá stuðningur hefur eft málstaðinn.*

**Mál til kynningar:**

**11. 1102016 - Niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk utan skóla 2009.**

Skýrsla mennta og menningarmálaráðuneytis sem framkvæmd var af Rannsóknnum og greiningu vorið 2009. Erindi ráðuneytisins dagsett 14. janúar 2011.

*Skýrslan lögð fram á fundinum.*

**12. 1007036 – Byggða- og húsakönnun Þorpið í Flatey.**

*Byggða- og húsakönnunin er komin úr prentsmiðju. Hreppsnefnd þakkar Guðmundi Lúther fyrir hans störf og einnig Óskari Steingrímssyni fyrrverandi sveitarstjóra en verkefnið var honum hugfólgið. Verkefnið var styrkt af Húsafríðunarnefnd og þakkar sveitarfélagið þann stuðning. Gert er ráð fyrir því að setja ritið í sölu fyrir áhugasama*

og verður hægt að nálgast hana á skrifstofu eða á upplýsingamiðstöð í sumar. Hægt verður að nálgast ritið á PDF formi á heimasíðu sveitarfélagsins og Húsafríðunarnefndar ríkisins.

### **13. 1102017 – Fundargerð 783. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

*Fundargerð lögð fram.*

### **14. 1102018 – 116. fundur Breiðafjarðarnefndar.**

*Fundargerð lögð fram. Sveitarstjórn tekur undir álit Breiðafjarðarnefndar um verndun Breiðafjarðar. Sveitarfélögin sem fulltrúa eiga í Breiðafjarðarnefnd eru að vinna að sameiginlegri umsögn um samantekt starfshópsins.*

### **Önnur mál (ef einhver):**

### **15. Álagningarákvæði vegna álagningar fasteignagjalda fyrir árið 2011, gjalddagar og afsláttur.**

*Þann 13. janúar 2011 var samþykkt að fasteignargjöld og sorpgjöld yrðu óbreytt árið 2011;*

<i>Fasteignaskattur A</i>	<i>0,50%</i>
<i>Fasteignaskattur B</i>	<i>1,32%</i>
<i>Fasteignaskattur C</i>	<i>1,65%</i>
<i>Holræsagjald</i>	<i>0,20%</i>
<i>Vatnsgjald</i>	<i>0,50%</i>

#### **Sorpeyðingargjald:**

<i>Einbýlishús</i>	<i>24.200</i>
<i>Sumarhús</i>	<i>12.100</i>
<i>Lögbýli</i>	<i>24.200</i>
<i>Atvinnuhúsnæði</i>	<i>24.200</i>

*Sveitarstjóri leggur til eftirfarandi gjalddaga og afslátt til elli og örorkulífeyrisþega;*

#### **Gjalddagar fasteignagjalda eru fjórir:**

*10. mars 2010  
10. apríl 2010  
10. maí 2010  
10. júní 2010  
Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.*

*Sé álagningin 10.000 kr. eða minni er einn gjalddagi, 10. mars 2010.*

*Sé álagningin 10.001 til 20.000 kr. eru tveir gjalddagar, 10. mars og 10. apríl 2010.*

*Annars eru gjalddagarnir fjórir.*

#### **Afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega:**

*Heimilt er að veita elli- og örorkulífeyrisþegum 100% afslátt af fasteignagjöldum ef árstekjur fara ekki yfir;*

*2.301.000 kr. hjá einstaklingi og  
2.950.000 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki.*

*Afsláttur er aðeins veittur af einni íbúð hvers gjaldenda og þarf hann að hafa lögheimili í íbúðinni. Ekki þarf að sækja sérstaklega um afsláttinn.*

- 16. Erindi frá Áhugamannafélagi um Bátasafn við Breiðafjörð** þess efnis að hreppsnefnd beiti sér fyrir því að ljósastaur á bílaplani verði færður til vegna lagfæringar á bílaplani við húsnæðið. Erindi dagsett 11. febrúar 2011.

*Eríki Kristjánssyni falið að kanna málið.*

- 17. Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 4. febrúar 2011**, ársreikningur 2009 fyrir Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða,

*Fundargerð og ársreikningur lögð fram.*

- 18. Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga**, afrit af umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga til samgönguráðuneytisins dagsett 9. febrúar 2011.

*Umsögn lögð fram*

- 19. Styrkumsókn frá Sögufélagi Barðastrandasýslu** vegna útgáfu árbókar Barðastrandasýslu 2010. Erindi dagsett 4. febrúar 2011.

*Samþykkt að styrkja Sögufélagið um 50 þús. krónur. Samþykkt vísað til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.*

- 20. Styrkbeiðni vegna Góðverksdaga 2011.** Erindi frá Bandalagi íslenskra skáta dagsett 11. febrúar 2011.

*Erindinu hafnað.*

- 21. Auglýsing eftir umsóknum um undirbúning og framkvæmd 16. Unglinga-landsmót UMFÍ** sem haldið verður um verslunarmannahelgina 2014. Erindi frá UMFÍ dagsett 28. janúar 2011.

*Auglýsing lögð fram.*

- 22. Aðstoð við efnissöfnun vegna gagnasafns [www.fishernet.is](http://www.fishernet.is).** Erindi frá Sigurbjörgu Árnadóttur verkefnastjóra Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar dagsett 9. febrúar 2011.

*Sveitarstjóra falið að koma erindinu til þeirra sem við á.*

- 23. Uppsögn á samningi við Motus vegna innheimtu á kröfum sveitarfélagsins.** Tillaga frá oddvita sveitafélagsins dagsett 16. febrúar 2011.

*Samþykkt að að segja samningnum upp.*

- 24. Gjaldskrá mótuneytis Reykhólaskóla.**

*Andrea Björnsdóttir lagði fram ósk sína þess efnis að börn í Reykhólaskóla og leikskólanum Hólabæ greiddu ekki fyrir fæði þegar um löng veikindi er að ræða eða ferðalög til lengri tíma á vegum skólans.*

*Hreppsnefnd tekur undir erindið. Ákveðið er að séu börn frá skóla lengur en í 5 daga eða eru í ferðum á vegum skólanna, skuli greiðslur falla niður á því tímabili. Skólastjóri og leikskólastjóri komi skýrslum þess efnis mánaðalega til skifstofustjóra.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 00:40**
